



Skólanefnd, bæjarráð og bæjarstjórn Reykjavíkur: Hlutar úr fundargerðum 1930- 1935

Bjarni Benediktsson – Skólanefnd, bæjarráð og bæjarstjórn Reykjavíkur Hlutar úr fundargerðum 1930-1935 - Hallgr. Jónsson – Jón Sigurðsson – Gísli Jónsson -

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-3, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd 27. sept. 1930:

"Samkv. beiðni Hallgr. Jónssonar kennara leggur skólanefndin til að hann kenni framvegis aðeins 3 stundir á dag, þar til öðru vísi verður ákveðið, en líti eftir stundvísi í skólanum og einnig að því að samræma íslenskukenslu í skólanum í samráði við skólastjóra."

Bæjarstjórn 2. okt. 1930:

Samþykkt.

Skólanefnd 6. okt. 1931:

"Skólastjóra Austurbæjarskólans heimilað að fela Jóni Sigurðssyni samskonar eftirlit með sömu kjörum sem Hallgr. Jónsson er ráðinn með við Miðbæjarskólann."

Bæjarstjórn 15. okt. 1931:

Samþykkt.

Skólanefnd 17. okt. 1933:

"Samþykkt erindisbréf handa yfirkennurum skólanna, og formanni falið að afgreiða þau."

Bæjarráð 12. des. 1933:

"Samkv. tillögu frá skólanefnd var samþ. að greiða yfirkennurum barnaskólanna kr. 175.00 á mánuði 20. sept. til 20. maí, auk lögboðinna kennaralauna og greiðslu fyrir aukakenslu."

Skólanefnd 12. sept. 1935:

"Samþykkt að mæla með Gunnari M. Magnúss sem yfirkennara við Austurbæjarskólann. Með 3 atkv. shlj."

Bæjarstjórn 17. okt. 1935:

"IV. Fundargerð skólanefndar frá 12. sept. (Kosning yfirkennara við Austurbæjarskólann.)
Kosningu hlaut Gísli Jónasson með 8 atkvæðum."

Skólanefnd 12. nóv. 1935:

"Bréf frá Gunnari M. Magnúss þar sem hann afsalar sér "tilkalli til yfirkennarastöðunnar við Austurbæjarskólann", sem hann hefir gegnt í haust vegna tilnefningar skólanefndar.

Guðm. Ásbjörnsson og Pétur Halldórsson benda á, að hér sé ekki um neitt "tilkall" að ræða.

Meiri hluti skólanefndar ákveður að ráða Gísla Jónasson til að vera yfirkennari við Austurbæjarskólann, en minni hlutinn telur hann þegar ráðinn með vali bæjarstjórnar? "